

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum og lögum um útlendinga
(sóttvarnahús og för yfir landamæri).

Frá Halldóru Mogensen.

1. Við 1. gr.
 - a. Á eftir 2. efnismgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Barn skal að jafnaði sæta sóttkví í heimahúsi. Telji sóttvarnalæknir nauðsynlegt að vista barn í sóttvarnahúsi skal fyrst fara fram mat á áhrifum vistunarinnar á barnið. Við það skal lagt mat á hvort önnur vægari úrræði geti náð sama markmiði og eins hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum á barnið.
 - b. Við bætist fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Einstaklingum í sérstaklega viðkvæmri stöðu og fötluðu fólki sem ekki getur sætt sóttkví í sóttvarnahúsi vegna aðstæðna sinna eða fötlunar skal ekki gert að sæta slíkri dvöl.

Við setningu reglugerðar skv. 1. mgr. skal framkvæmt mat á samræmi við barna-sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Einstaklingar sem dvelja í sóttvarnahúsi í sóttkví skulu eiga rétt til útivistar í klukkustund á dag.

Einstaklingar sem dvelja í sóttvarnahúsi í sóttkví eða einangrun skulu eiga rétt á upplýsingum um réttindi sín og skyldur á tungumáli sem þeir skilja.
2. Á eftir orðinu „útlendingum“ í 1. másl. efnismálsgreinar 2. gr. komi: sem ekki eiga búsetu hér á landi.